



Gagnaveita Suðurlands ehf.

**Tíðniheimild fyrir
háhraða aðgangsnet á
3,5 GHz**

19. október 2022

Efnisyfirlit:

1.	Handhafi tíðniheimildar	3
2.	Heimild til tíðninotkunar og fyrirvari	3
3.	Viðbótarúthlutun tíðna	3
4.	Fjarskiptavirki.....	4
5.	Ákvæði vegna þráðlausra fjarskipta.....	4
6.	Breytingar á ákvæðum heimildarinnar.....	5
7.	Upplýsingaskylda og eftirlitsúrræði.....	5
8.	Afturköllun.....	5
9.	Gjöld	5
10.	Gildistími	6
11.	Endurútgáfa tíðniheimildar vegna breytinga	6
	Viðauki – CEPT ERC og ECC tilmæli.....	7

1. Handhafi tíðniheimildar

Gagnaveita Suðurlands ehf, kt. 520911-1620

fær hér með framlengda heimild til notkunar á tíðnisviði til reksturs háhraða aðgangsnets fyrir gagnaflutningsþjónustu, auk annarrar þjónustu sem fyrirtækið hyggst veita, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum í heimild þessari.

2. Heimild til tíðninotkunar og fyrirvari

Tíðnirétt hafa verður heimilað að nota tíðnisviðið **3424 – 3484 MHz** fyrir sendingar um aðgangsnetið.

Sérstök athygli er vakin á því að ekki er gert ráð fyrir verndartíðnisviði á milli úthlutaðra tíðnisviða til einstakra aðila. Handhafar tíðniheimilda á aðliggjandi tíðnisviðum geta samræmt notkunina sín á milli, en ef ekki næst samkomulag þar um, skal nota “block edge mask for CS”, eins og hún er skilgreind í Annex 3 í ECC tilmælum (04)05

Heimild til notkunar á ofangreindu tíðnisviði nær til eftirfarandi staða:

Suðurland frá Hveragerði að Vík í Mýrdal, Borgarfjörður og Vatnsleysuströnd.

Áður en einstakar tíðnir úr heimiluðu tíðnisviði eru tekna í notkun skal leita samþykkis Fjarskiptastofu (FST) fyrir hverja móðurstöð. Við ákvörðun einstakra vinnutiðna skal hafa hliðsjón af þeim ERC- og ECC- tilmælum, sem tilgreind eru í Viðauka.

Tíðnir skv. heimild þessari eru þegar í notkun við útgáfu heimildar þessarar, enda er um að ræða framlengingu á fyrrí heimild. Með notkun er átt við að fjarskiptabjónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti. FST áskilur sér rétt til að fella tíðniheimildina niður í heild sinni eða hluta án greiðslu skaðabóta, ef tíðnir eru ekki nýttar eða tekna úr notkun lengur en 6 mánuði samfellt. FST getur farið fram á að tíðniréttthafi breyti eiginleikum tæknibúnaðar sem tengjast tíðniheimild í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflanavanda. FST skal í samráði við tíðnirétt hafa leitast við að halda kostnaði við slíkar breytingar í lágmarki.

Tíðnisvið þetta er ætlað til notkunar fyrir 5G farnetsþjónustu samkvæmt 54. gr. Fjarskipta-tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2018/1972/EB. Notkun tíðnisviðsins fyrir þráðlaust aðgangsnet yfir fasta nettengipunkt (FWA) er því á víkjandi forgangi og þarf að horfa til þess þegar metið er hvort unnt sé að endurnýja úthlutunina við lok gildistíma hennar. Er tíðniheimildin gefin út með fyrirvara um þennan víkjandi forgang.

3. Viðbótarúthlutun tíðna

Ef tíðniréttthafi getur sýnt fram á með fullnægjandi hætti að dómi FST að þörf sé á frekari tíðniheimild á tilteknu svæði umfram 2x14 MHz, getur stofnunin ákveðið, án auglýsingar, að úthluta viðbótartíðnisviði á grundvelli upplýsinga sem fram koma í umsókn um heimild þessa, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- a) Sýnt verði fram á að aukin tíðniheimild muni leiða til betri og hagkvæmari þjónustu.
- b) Tiðnisvið sé laust til ráðstöfunar á viðkomandi svæði
- c) Engir tæknilegir annmarkar séu því til fyrirstöðu að mati FST

4. Fjarskiptavirkir

Tíðnirétthafa er heimilt að setja upp fjarskiptavirkir, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af fjarskiptakerfi sínu sbr. 1. gr. án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning á hvers konar sendibúnaði fyrir þráðlaus fjarskipti, þ.m.t. móðurstöðvar og fastasambönd, er háð útgáfu leyfisbréfs sem FST gefur út að fenginni umsókn frá tíðnirétthafa. Í umsóknum skal tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radióstöð eða samband þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunar, sendistyrk og ráðgerða notkun. FST áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir liklegar truflanir, sbr. 5. gr.

Staðsetningu sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti skal tilgreina í hnitum samkvæmt ISN 93 landshnitakerfinu, Lambert vörpun.

5. Ákvæði vegna þráðlausra fjarskipta

Allur búnaður fyrir þráðlaus fjarskipti (radióbúnaður) sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaðurinn uppfylli kröfur R&TTE eða RE tilskipun Evrópusambandsins.

Tíðnirétthafi skal tryggja að búnaður í umráðum hans valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum.

Tíðnirétthafa ber að tilkynna FST um truflanir sem honum eru kunnar, hvort sem eigin radióbúnaður veldur þeim eða verður fyrir þeim.

FST getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Tíðnirétthafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum FST um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði hans.

FST getur látið innsigla búnað, sem veldur alvarlegum truflunum eða bannað notkun hans sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur FST afturkallað réttindi til tíðninotkunar.

Tíðnirétthafi skal gera ráðstafanir til að halda í lágmarki áhættu almennings af rafsegulgeislun sem stafar frá radióbúnaði. Leitast skal við að staðsetja fjarskiptavirkri þar sem almenningur verður fyrir sem minnstum áhrifum af slíkri geislun.

Tíðnirétthafi skal fara eftir fyrirmælum og reglum sem stjórnvöld kunna að setja um rafsegulgeislun þ.m.t. að fylgt sé ákveðnum stöðlum.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum í reglum eða viðeigandi stöðlum skal tíðnirétthafi bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal það fyrirtæki sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu eða hætta notkun hans.

6. Breytingar á ákvæðum heimildarinnar

FST er heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari til samræmis við breytingar á lögum og reglugerðum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til sliks. Nýtt gjald skal ekki tekið við slika breytingu. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum fyrirtækisins samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

7. Upplýsingaskylda og eftirlitsúrræði

Tíðniréttihafi skal sæta eftirliti með starfsemi sinni. FST er enn fremur heimilt að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 15. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega, allt eftir ákvörðun FST og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

Sem hluti af eftirliti með starfsemi tíðniréttihafa og fjárhagsstöðu getur FST krafist þess að hann afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda þess og aðrar sambærilegar upplýsingar.

FST getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað tíðniréttihafa og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum um fjarskipti eða um FST, reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Tíðniréttihafi skal láta FST í té allar þær tölfraðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjöldu notenda, staerð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjöldu bilana, fjöldu kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. FST mun í þessum tilgangi senda út spurningalistu með reglulegu millibili og ber tíðniréttihafa að svara þeim innan þess tíma sem FST ákveður.

Tíðniréttihafi skal tilkynna FST ef breyting er gerð á nafni hans, heimilisfangi eða fyrirsvari.

Tíðniréttihafi skal tilkynna FST um breytingar á eignaraðildi hans ef um er að ræða 5% hlutafjár eða meira. Tíðniréttihafi skal veita FST aðgang að hluthafaskrá sinni þegar þess er óskað.

Tíðniréttihafi skal tilkynna FST um eignaraðild sína að öðrum fjarskiptafyrirtækjum og breytingar þar að lútandi skulu tilkynntar jafnóðum.

8. Afturköllun

FST getur afturkallað heimild þessa ef tíðniréttihafi stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart FST, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Einnig getur FST afturkallað heimildina ef um brot er að ræða á ákvæðum heimildarinnar eða viðaukum hennar, lögum um fjarskipti, lögum um FST, reglugerðum um fjarskipti eða reglum settum af FST, þó ekki fyrr en tíðniréttihafa hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum innan 30 daga frá tilkynningu FST varðandi brotið.

9. Gjöld

Um gjöld sem tíðniréttihafa ber að greiða til FST fer samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu og gjaldskrá FST.

Helstu árlegu gjöld eru rekstrargjald skv. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu sem er nú 0,38% af bókfærðri veltu og tíðnigjald skv. tölulið 7.c, 22. gr. sömu laga, sem er nú kr. 4.600 fyrir hvert MHz (56 MHz x 4.600 kr./ári/MHz = 257.600 kr./ári).

Ofangreint tíðnigjald, kr. 257.600 á ári, tekur mið af því að þeir staðir, sem heimildin nær til, teljist tvö “einstök svæði utan gjaldsvæðis 2”, sbr. tölulið 7.c, 22. gr. laga nr. 75/2021.

Vegna álagningar rekstrargjalds skv. 21. gr. laga nr. 75/2021 ber tíðniréthafa að skila FST upplýsingum um gjaldskylda veltu eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Berist FST ekki upplýsingarnar innan tilskilins tíma er stofnuninni heimilt að áætla veltu viðkomandi aðila. Álagning rekstrargjalds skal fara fram eigi síðar en 15. maí ár hvert og greiðist gjaldið með þremur jafn háum greiðslum með gjalddaga 1. júní, 1. september og 1. desember.


10. Gildistími

Heimild þessi gildir til 31.12.2024

11. Endurútgáfa tíðniheimildar vegna breytinga

Tíðniheimild þessi er þriðja endurútgáfa tíðniheimildar frá 30.08.2018. Tíðniheimildin hefur verið uppfærð m.t.t. þeirra lagabreytinga sem gerðar voru með lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu og lögum um fjarskipti nr. 70/2022, auk þess sem fyrirvari er gerður við úthlutunina, sbr. lokamálsgrein 2. gr. heimildarinnar.

Reykjavík 19. október 2022



Sigurjón Ingvason



CEPT – ERC og ECC tilmæli

varðandi 3,4 – 3,6 GHz

1. CEPT/ERC/REC 14-03

Harmonised radio frequency channel arrangement and block allocations for low and medium capacity systems in the band 3400 to 3600 MHz.

<http://www.ero.dk/documentation/docs/doc98/official/pdf/REC1403E.PDF>

2. ECC/REC (04)05

Guidelines for accommodation and assignment of multipoint fixed systems in the frequency bands 3.4-3.6 GHz and 3.6-3.8 GHz.

<http://www.ero.dk/documentation/docs/doc98/official/pdf/REC0405.PDF>